

Fimmtudaginn 29. október 1992.

Nr. 344/1989. **Hreiðar Eiríksson og**

Eiríkur Hreiðarsson

(Gunnar Sólness hrl.,

Árni Pálsson hdl.)

gegn

bæjarsjóði Akureyrar vegna

Hitaveitu Akureyrar

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.,

Ólafur Garðarsson hdl.).

Fasteignir. Jarðhiti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1989. Þeir gera þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að afhenda þeim án endurgjalds 2,5 sekúndulítra af 90°C heitu vatni eða samsvarandi vatnsmagn með öðru hitastigi svo lengi sem stefndi vinnur heitt vatn af núverandi vinnslusvæðum sunnan Akureyrar. Áfrýjendur krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, seldi landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs áfrýjandanum Hreiðari jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi með afsali 12. nóvember 1954. Undanskilin sölunni voru „vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir“, án þess að nánar væri tilgreint, hvert það vatns- eða varmamagn væri, sem þyrfti til heimilis kaupanda.

Fram er komið, að árið 1970 var á vegum áfrýjenda borað eftir heitu vatni í landi jarðarinnar. Í skýrslu, sem þeir Sigmundur Einarsson, Þorsteinn Thorsteinsson, Axel Björnsson og Kristján Sæmundsson sömdu á vegum Orkustofnunar 1981 um laugar og volgrur í Hrafnagilshreppi, kemur fram, að úr þeirri holu, sem

boruð var, hafi verið dælt 0,3 l/s af 43°C heitu vatni, en við örari dælingu hafi dæla dregið inn kalt vatn.

Landbúnaðarráðherra veitti stefnda hinn 28. júní 1977 leyfi til að leita jarðhita og bora eftir honum í landi jarðarinnar Grísarár. Var og tekið fram, að samið skyldi síðar um nýtingu stefnda á hitaréttindum jarðarinnar, þegar séð yrði, hvaða árangur jarðboranirnar bæru. Ekki var síðar gengið til samninga um réttindi stefnda í landi Grísarár.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir borun á vegum stefnda eftir heitu vatni í landi jarðarinnar og árangri af henni.

Að fengnu álitu Búnaðarfélags Íslands tilkynnti landbúnaðarráðuneytið áfrýjendum 6. mars 1978, að vatns- og jarðhitaréttindi til heimilisparfa á jörðinni væru samkvæmt mati sérfróðra manna hæfilega ákveðin 2,5 sekúndulítrar af 90°C heitu vatni að hámarki eða samsvarandi vatnsmagn með öðru hitastigi. Í álitu Búnaðarfélagsins var tekið tillit til þess, að um væri að ræða garðyrkju-búskap á jörðinni.

Leyfi það, sem landbúnaðarráðherra veitti stefnda til að leita jarðhita og bora eftir honum í landi jarðarinnar Grísarár var ekki bundið skilyrði um að láta áfrýjendum í té heitt vatn án endurgjalds. Ósannað er, að við þær aðstæður, sem voru, er stefndi hóf að bora í landi jarðarinnar, hafi verið fyrir hendi meira en 0,3 l/s af 43°C heitu vatni til nota fyrir áfrýjendur. Eins og kröfugerð stefnda er háttað fyrir Hæstarétti, ber að dæma hann til að standa skil til áfrýjenda á því magni af heitu vatni eða vatni með hærra hitastigi, en samsvarandi orkugildi. Eiga áfrýjendur ekki frekari kröfu á hendur stefnda um, að hann láti þeim í té endurgjaldslaust heitt vatn.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarsjóður Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, afhendi endurgjaldslaust og óskipt áfrýjendum, Hreiðari Eiríkssyni og Eiríki Hreiðarssyni, 0,3 lítra á sekúndu af 43°C heitu vatni eða annað vatnsmagn með hærra hitastigi, en til-

svarandi að orkugildi, meðan stefndi vinnur heitt vatn úr núverandi vinnslusvæðum sunnan Akureyrar.

Stefndi greiði áfrýjendum óskipt 75.000 krónur í málskostnað í héraði.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, er höfðað með stefnu, út gefinni á Akureyri 14. janúar 1988, af Jóni Kr. Sólnes hrl. f. h. stefnenda, Hreiðars Eiríkssonar, nnr. 4356-3769, Grísará, Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu, og Eiríks Hreiðarssonar, nnr. 1868-0882, s. st., og þingfestri sama dag, á hendur Sigfúsi Jónssyni, nnr. 7538-9388, bæjarstjóra á Akureyri, f. h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar til afhendingar á heitu vatni í samræmi við eftirfarandi kröfugerð:

Aðalkrafa stefnenda er sú, að stefndi afhendi stefnendum óskipt 2,5 sekúlítra af 90°C heitu vatni án endurgjalds, og til vara, að stefndi afhendi stefnendum óskipt sama orkumagn í formi heits vatns með öðru lægra hitastigi án endurgjalds. Þá er áskilinn réttur til að höfða sjálfstætt skaðabótamál á hendur stefnda, verði aðal- og/eða varakrafa stefnenda í máli þessu ekki tekin til greina.

Stefndi gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og sér verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins eða samkvæmt fram lögðum reikningi, og til vara, að sér verði einungis dæmt að afhenda stefnendum jafngildi 5 til 10 lítra á mínútu af 80°C heitu vatni. Í þessum kröfulið er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Með dómi, upp kveðnum 14. desember 1988, voru stefnendum dæmdar bætur fyrir jarðrask, en kröfu þeirri, er hér er nú til dómsálagningar, vísað frá ex officio, en með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 14. mars 1989, var frávisunarákvæðinu hrundið og málinu vísað heim að því leyti, sem það var ódæmt.

Málsatvik eru þau, að stefnandi Hreiðar Eiríksson kaupir ríkisjörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu af ríkissjóði með afsalsbréfi, dagsettu 12. nóvember 1954 og 25. nóvember s. á. Í afsalsbréfinu segir svo: „Námaréttindi í landi jarðarinnar svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisparfir eru undanskilin sölu jarðarinnar.“ Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dagsettu 6. mars 1978, til stefnanda Hreiðars Eiríkssonar segir svo: „Eins og segir í afsali til yðar fyrir jörðinni Grísará, dags. 12. nóvember 1954, eru við sölua undantekin m. a. „vatns- og jarðhitaréttindi

umfram heimilisparfir“. Ráðuneytið lítur svo á, að samkvæmt ofanskráðu séu vatns- og jarðhitaréttindi til heimilisparfa samkvæmt mati sérfróðra manna hæfilega ákveðin að hámarki 2,5 sek.-l. af 90°C heitu vatni eða samsvarandi vatnsmagn af öðrum hitagráðum“. Með bréfi sama ráðuneytis, dags. 28. júní 1977, til stefnda, bæjarstjórans á Akureyri, segir svo: „Hér með veitir ráðuneytið Hitaveitu Akureyrar leyfi til hitaleitar og jarðborana í landi jarðarinnar Grísarár í Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu, en jarðhitaréttindi jarðarinnar umfram heimilisparfir kaupanda, Hreiðars Eiríkssonar, voru undanskilin, þegar ríkissjóður seldi honum jörðina með afsali, dagsettu 12. nóvember 1954. Um nýtingu Hitaveitu Akureyrar á fyrrgreindum hitaréttindum verður samið síðar, þegar séð verður, hvaða árangur jarðboranir gefa.“

Árið 1977 boraði Hitaveita Akureyrar 1338 metra djúpa borholu á jörðinni Grísará, auðkennda GG-1. Árangur af borun varð lítill, og þótti ekki borga sig að virkja holuna fyrir veituna. Aðeins tvær æðar voru í holunni á 530 m og 1230 m dýpi og e. t. v. smáæðar á 650 m og 900 m dýpi. Rennsli úr holu GG-1 á Grísará hófst 5. ágúst 1977 á 530 m dýpi. Það mældist 8 lítrar á sek. fyrst í stað, en minnkaði í 2 lítra á sek. á næstu níu dögum. Holan skar aðra vatnsæð á 1230 metra dýpi, og var þá heildarrennsli eftir þrepadælingu í lok borunar 4,5 lítrar/sek. Lokunarþrýstingur, mældur 16.-19. september 1977, var 11,0 kg/cm², hitastig efri æðar var um 72°C, en hinnar neðri um 84°C. Frjálst rennsli var úr holunni fram til 27. janúar 1978, og mældist þá 3,64 lítrar/sek. Þar af fóru 1,72 lítrar til gróður- og íbúðarhúsa að Grísará. Sama dag var lokað að hluta fyrir holuna, svo að rennsli varð um 2,5 lítrar/sek., en þrýstingur á holutoppi hafði hækkað og var mestur 4,3 kg/cm² 9.-24. febrúar 1978. Þrýstingur fór síðan lækkandi með óbreyttri stillingu á holutoppssventli. Hann var 2,85 kg/cm² 12. janúar 1979, þegar hann var lækkaður í 1,80 kg/cm² í febrúar 1980. Barkadælu var komið fyrir við holuna í mars 1980 og vatnsborðið dregið niður um 5-6 metra. Vatnsmagn fór enn minnkandi, og í marslok 1981 var vatnsborð í holunni á nokkurra metra dýpi og laugar, sem uppi höfðu verið á jörðinni, alveg horfnar. Stefnendur halda því fram, að borholan á Grísará hafi gefið 2,4 lítra af 72°C heitu vatni, þ. e. a. s. lítra/sek., eftir að jafnvægi hafi verið komið á rennsli hennar, og hafi hún gert það um þriggja ára skeið, þar til dælingar hófust austan megin Eyjafjarðar á Syðra-Laugalandi í Öngulsstaðahreppi. Hafði verið talið á þessum tíma, að með dælingum úr borholunni mætti fá allt að 10 lítrum/sek. Eftir að dælingar á Laugalandi hófust, hafi smátt og smátt minnkað rennsli úr borholunni og nánast horfið um eða eftir mitt sumar 1981, eins og áður greinir.

Í júlí 1981 hafi komið frá Orkustofnun greinargerð um laugar og volgrur í Hrafnagilshreppi, unnin af Sigmundi Einarssyni, Þorsteini Thorsteinsson,

Axel Björnssyni og Kristjáni Sæmundssyni. Þar segir í niðurstöðum: „Ekki hafa komið fram í mælingum tengsl milli rennslis og vatnsstöðu í laugum og borholum í Hrafnagilshreppi og vatnsvinnslu í austanverðum Eyjafirði úr borholum við Syðra-Laugaland og Ytri-Tjarnir. Slík minni háttar tengsl er þó ekki alveg hægt að útiloka, því að mælingar voru ófullkomnar og stopular frá 1975, er borun hófst í Öngulsstaðahreppi, og fram til 1978, er reglubundnar athuganir hófust. Nærtækara er að leita orsakar minnkandi rennslis til vatnsvinnslu í hreppnum sjálfum. Má þá í fyrsta lagi benda á rennslis í holu GG-1 við Grísará síðan í september 1977, í öðru lagi úr holu RW-7 við Reykhús síðan í júlí 1979 og vatnsvinnslu með djúpdælu, 2,6 lítrar/sek., frá janúar 1981. Í þriðja lagi ná nefna holu HN-10 við Botn, en rennslis úr henni var 17,3 lítrar/sek. 20. janúar 1981, en var minnkað í 2,25 lítra/sek. í febrúar 1981.“

Hinn 22. apríl 1983 voru á aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu dómkvaddir sem matsmenn þeir Axel Björnsson jarðeðlisfræðingur og Sverrir Þórhalls-son verkfræðingur til þess að meta eftirfarandi atriði:

1. Hvað olli því, að jarðhiti, heitt vatn við Hrafnagilslaug ytri, fór síminnkandi allt árið 1979 og fram á 1980, en þvarr þá með öllu á síðustu mánuðum þess árs?

2. Hve mikill jarðhiti var þarna nýttur?

Segir m. a. svo í niðurstöðu matsmanna: „Síðla árs 1977 var borað við Grísará. Í fyrstu runnu 4,5 l/s úr holunni, og lokunarþrýstingur var 11 kg/cm². Holan var nýtt, fyrst einungis sjálfrennslid, en frá mars 1980 var notuð sogdæla. Voru teknir fáeinir sekúndulítrar úr henni. Þrýstingur féll jafnt og þétt, og var vatnsborð komið á nokkurra metra dýpi árið 1981. Árið 1979 var boruð djúp hola við Reykhús. Þá hafði orðið vart minnkunar í eldri grunnum holum og laugum. Í fyrstu runnu 1,8 l/s úr holunni, en það minnkaði fljótlega. Undanfarin ár hefur verið dælt 2,6 l/s úr holunni með vaxandi niðurdrætti. Væntanlega eru jarðhitasvæðin við Hrafnagil, Grísará og Reykhús öll tengd sama ganginum, en við borun hefur hann reynst vera lélegur vatnsleiðari. Verulegar líkur eru á því, að vatnsvinnsla við Grísará og Reykhús hafi því flýtt fyrir rénun vatns og þrýstingslækkun að Hrafnagili. Algjörlega samsvarandi sveiflur í vatnsborði holu 9 við Hrafnagil og Grísarárholum síðustu tvö árin sýna nán tengsl þessara svæða. Djúpborun eftir heitu vatni hófst við Laugaland í árslok 1975, og voru boraðar 7 holur fram í ársbyrjun 1978. Þrýstingur í jarðhitakerfinu var í upphafi mjög hár, 15-20 kg/cm², en féll fljótlega vegna sjálfrennslis og einkum þegar vatnsvinnsla hófst með djúpdælum í ársbyrjun 1978. Veturinn 1978-79 var ein hola boruð til viðbótar að Laugalandi. Við vatnsvinnsluna hefur vatnsborð að Laugalandi fallið niður á um það bil 200 m. Það er þó ekki stöðugt, og undanfarin ár hefur vatnsborð sveiflast í takt við

dælingu og verið hærra á sumrin en á veturna. Að Ytri-Tjörnum voru boraðar 4 djúpar holur á árunum 1978 til 1980. Sama máli gegnir um það svæði og Laugaland. Vatnsþrýstingur var í upphafi hár, en hefur fallið við vinnslu niður á um það bil 290 m. Vatnsvinnsla að Ytri-Tjörnum hefur verið árstíðabundin eins og að Laugalandi. Síðustu ár hefur greinileg árstíðabundin sveifla komið fram í vatnsborði í holum við Hrafnagil og eins í holunni við Grísará. Einfaldasta skýring á þessu er sú, að vatnsvinnsla að Laugalandi og/eða Ytri-Tjörnum hafi áhrif á djúpæðar jarðhitakerfanna á þessum stöðum. Það verður því að telja nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs á vinnslusvæðunum austan til í Eyjafirði á árunum 1976-1980 hafi lækkað vatnsþrýsting í aðfærsluæðum jarðhitakerfisins að Hrafnagili og þar með valdið rénun heita vatnsins þar. Auk ofanefndra staða hafa verið boraðar tvær holur við Botnslaug, hin fyrri haustið 1981. Þrátt fyrir verulega vatnsdælingu hefur þrýstingur í jarðhitakerfinu við Botnslaug haldist hár. Vatnsvinnsla við Botnslaug hefur verið nokkuð stöðug sumar og vetur nema sumarið 1982, en þá var ekki dælt um tíma. Það eru því minni líkur á, að dæling þar hafi haft veruleg áhrif við Hrafnagil, enda var vatnsþurrðin þar komin fram að mestu, áður en renna tók úr fyrri Botnsholunni.“

Í ljósi þessarar niðurstöðu gerðu stefnendur kröfu á hendur stefnda, síðast skriflega 17. desember 1986, að stefnendum yrði afhent sem svarar 1,5 l/s af 90°C heitu vatni endurgjaldslaust, á meðan Hitaveita Akureyrar hefði yfir að ráða heitu vatni framan Akureyrar. Þessum kröfum hafi ekki verið sinnt. Jafnframt hafi það gerst, að í desember 1986 hafi stefndi gengið til samninga við Hrafnagilshrepp og Hjalta Jóseppson, bónda á Hrafnagili í þeim hreppi, um jarðhitaréttindi, án þess að gerð væri tilraun af hálfu stefnda til þess að leysa mál stefnenda samtímis. Þetta hafi gerst í kjölfar þess, að 13. júní 1984 hafi verið gerður samningur milli dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs annars vegar og stefnda hins vegar um heimild til jarðborunar eftir heitu vatni í landi Syðra-Lauglands í Öngulsstaðahreppi og til þess að virkja og nýta þann jarðhita, sem fengist með borun, án þess að fjallað væri um hagsmuni stefnenda þrátt fyrir fyrirheit þar um.

Málsástæður stefnenda eru þær, að þeir reisa kröfur sínar (sic) á því, að vatns- og jarðhitaréttindi á Grísará hafi verið fyrir hendi allar götur frá árinu 1954 þeim til handa. Þessi vatns- og jarðhitaréttindi hafi verið skert með ólögmætum hætti af stefnda. Stefndi hafi borað eftir heitu vatni á Syðra-Laugalandi og dæli þar upp heitu vatni, sem ótvírætt skerði vatns- og jarðhitaréttindi stefnenda með ólögmætum hætti. Stefnendur reisa mál-sókn sína á 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, orkulög-um nr. 58/1967, einkum III. kafla, og III., IV. og V. kafla ábúðarlaga nr.

64/1976, en með byggingarbréfi, dags. 22. október 1963, byggði stefnandi Hreiðar Eiríksson syni sínum, Eiríki Hreiðarssyni, jörðina Grísará á erfðaleigu samkvæmt þágildandi ábúðarlögum nr. 116/1943.

Málsástæður stefnda eru þær, að jafnvel þótt stefnendur ættu hugsanlega rétt á endurgjaldslausri afhendingu heits vatns, sé krafa þeirra allt of há, þ. e. a. s. um afhendingu á 2,5 l/s af 90°C heitu vatni. Stefnendur hafi haft, áður en borun hófst á Grísará, e. t. v. 0,1 l/sek. af 40°C heitu vatni, og hafi mátt með dælingu og borun 10 m djúprar holu auka rennslið í 0,3 s/l. Því miður hafi borun á Grísará ekki gefið góða raun og vatnið ekki nýtanlegt fyrir stefnda. Stefnendur hafi hins vegar sjálfir tekið sér það vald að nýta vatn það heimildarlaust og leitt það í byggingar sínar. Hafi þessi háttsemi þeirra orðið til þess, að þeim var sent bréf 12. júní 1980, þar sem þessu var mótmælt og þess óskað, að teknar yrðu upp viðræður um gjaldtöku fyrir þetta vatn og hugsanlega vatnssölu, en á þessum árum og þeim á undan stóðu yfir miklar borunarframkvæmdir beggja vegna Eyjafjarðarár í Öngulsstaða- og Hrafnagilshreppum. Nokkrar viðræður hafi farið fram þar á eftir, sem hafi reyndar tengst þeim samningatilaunum, er vörðuðu hreppsnefnd Hrafnagilshrepps og mannvirki hreppsins á Hrafnagili, en stefnandi Eiríkur Hreiðarsson hafi á þeim árum átt sæti í hreppsnefnd. Hafi náðst um síðir bráðabirgðalausn með samningi, dagsettum 11. janúar 1982, við stefnendur, en það átti aðeins að standa til 1. júlí það ár. Á þessum tíma hafi hreppsnefnd Hrafnagilshrepps höfðað mál á hendur stefnda og Hjalta Jósefssyni á Hrafnagili til ógildingar samningi þeirra á milli um jarðhitaleit og vatnsvinnslu í landi Hrafnagils, og var því allt í mikilli óvissu um, hvern rétt stefndi hefði til vatnstöku eða möguleika á vatnsöflun, en á þessum tíma hefði einnig komið í ljós, að ekki var í Eyjafirði um slíkt vatnsmagn að ræða, að fjárhagslega væri viðráðanlegt að bora miklu meira en orðið var. Hefðu svo hvor tveggja þessi málaferli og óvissa í því sambandi og mikil tregða stefnenda að greiða fyrir vatn, sem þeir hafi fengið, valdið því, að ekki var endanlega hægt að ganga frá málum. Að loknum málaferlum við hreppsnefnd og samningum í framhaldi af þeim málaferlum hafi stefnendur með bréfi, dags. 17. desember 1986, farið þess á leit að fá afhent heitt vatn, 1,5 s/l af 90°C heitu vatni endurgjaldslaut. Þetta hafi verið óaðgengilegt fyrir stefnda og þær viðræður, sem á eftir fóru, verið árangurslausar.

Stefndi telur kröfugerðina að ýmsu leyti óskýra. Til að mynda sé hvergi rökstutt, á hvaða grundvelli sú krafa er gerð, að sér beri að afhenda endurgjaldslaut 2,5 s/l af 90°C heitu vatni eða eitthvað minna magn. Stefnendur telji, að vatns- og jarðhitaréttindi hafi verið skert með ólögðum hætti af stefnda. Hins vegar sé það ekki rökstutt nánar, hver sú ólögð mæta aðgerð sé, nema vera skyldi borun og vinnsla á Syðra-Laugalandi, sem er hinum

meigin Eyjafjarðarár. Á grundvelli leyfis landbúnaðarráðuneytis frá 28. júní 1977 hafi stefndi hafið boranir í landi Grísarár. Hvergi í leyfinu sé orðað, að hafa beri samráð eða samstarf við jarðeiganda, enda þótt vissulega hafi átt að ganga vel um og valda sem minnstu ónæði. Landbúnaðarráðuneytið hafi þarna verið að heimila vatnsleit samkvæmt þeim umráðum, sem ríkissjóður hafi yfir jarðhita og undanskilinn var við sölu jarðarinnar umfram heimilisparfir, eins og segir í leyfinu án nánari útskýringar. Borunin virtist í fyrstu gefa allgóðan árangur, en því miður hefði vatn reynst óstöðugt og þorrið að mestu, eins og fram hefur komið og lýst er í stefnu. Síðan hafi stefnendur tekið án leyfis vatn úr holunni, meðan það var uppi, og aldrei greitt neitt fyrir. Alla tíð, síðan samskipti stefnenda og stefnda hófust, hafi verið vilji til þess að láta af hendi vatn, t. d. sem svaraði til þess, er uppi var, áður en borun hófst, og stefndi bendir á, að öll þessi ár, frá 1977, hafi Grísarárbýlið fengið vatn frá 30-90 l/m í senn, og nú hafi um langa hríð stöðugt runnið til húsa á jörðinni minnst 30 l/m og tímunum saman mun meira. Því miður hafi orðið árekstrar út af þessu og ýmis bréf gengið á milli, og m. a. hafi 19. nóvember 1982 verið krafist innsetningar í hús á Grísará, til að stilla mætti niður vatnsmagn, en það mál hafi þó verið hafið, m. a. vegna þess, að ríkissjóður hefði að sínu leyti lagt til vatn frá Syðra-Laugalandi í Öngulsstaðahreppi í tengslum við bráðabirgðasamning þann, sem gerður var 11. janúar 1982. Hefði því einnig vegna óvissu um úrslit málaferla við Hrafnagilshrepp verið ákveðið að hafast ekki frekar að um sinn, og mun um það hafa verið samkomulag milli stefnda og ríkisins. Svo sem gögn málsins beri með sér, hafi ekki verið um neins konar viðurkenningu að ræða gagnvart eigendum jarðarinnar um vatnsafhendingu, heldur aðeins verið að firra tjóni og láta ekki málaferlin bitna á þeim. Á þessu geti því stefnendur ekki reist kröfugerð sína. Hins vegar megi helst ráða, að rök fyrir aðal- og varakröfu á hendur stefnda séu bréf landbúnaðarráðuneytisins, dags. 6. mars 1978, og bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 28. september 1977 og 5. október s. á., sbr. dskj. nr. 5 og 6. Hvað sem þessu líði, liggi fyrir, að engir samningar lágu fyrir né liggja fyrir við eigendur Grísarár né ríkissjóð, að stefnda beri að afhenda um kafið vatnsmagn né nokkuð annað, nema þá það, sem í raun hefur staðið til boða frá stefnda og svarar til þess, sem virðist hafa verið uppi á jörðinni, áður en borun stefnda hófst. Sé slík afstaða í fullu samræmi við þá samninga, sem gerðir hafi verið við ýmsa þá, sem selja stefnda vatn, en í þeim sé skilgreint og samið um, hvert vatnsmagn hafi verið uppi á viðkomandi jörð. Hins vegar séu engir samningar við stefnda, sem liggi að baki yfirlýsingu landbúnaðarráðuneytisins á dskj. nr. 7, heldur einhliða álit þess, og slíkt skapi stefnda enga skyldu að afhenda þetta vatnsmagn til jarðarinnar, þar sem ekkert slíkt vatnsmagn var eða er að finna á jörðinni. Sú fullyrðing

stefnenda, að borun og nýting vatnsins á Syðra-Laugalandi hinum megin fjarðarins valdi vatnsþurrð á Grísará, sé ósönnuð og talin afar ósennileg í skýrslu Orkustofnunar frá 1982 á dskj. nr. 31, enda þá orðin spurning um, hvern rétt hver og einn landeigandi eigi í gjörvöllum Eyjafirði til heits vatns, því að vafalaust liggi berggangar með heitu vatni víða um lönd jarða.

Eftir samningsgerð við Hrafnagilshrepp 6. desember 1986 hafi svo um samist milli stefnda og hreppsins, að hreppurinn sæi um alla dreifingu á heitu vatni í hreppnum frá 19. júní 1987. Undantekning var þó búið á Hrafnagili, sem hefur sérstakan samning við Reykhús, en úr holu þar fær m. a. Kristnesspítali heitt vatn. Sökum takmarkaðs vatnsmagns er þó aðeins unnt að dreifa vatni um næsta nágrenni Hrafnagils, svo sem íbúðabyggð, skóla og hreppsmannvirki, en Grísará er þarna á þessu svæði, og liggi því beinast við, að stefnendur semji um vatnskaup við hreppinn umfram þá 5-10 l/m, sem stefndi er tilbúinn að afhenda endurgjaldslaust af sínum hluta. Rökstuðning fyrir varakröfu sinni reisir stefnandi á þeim skýrslum á dskj. nr. 10 og 31, sem sérfræðingar Orkustofnunar hafa látið frá sér fara, svo og þeim sáttaboðum, er stefndi hefur gert. Þann sáttavilja hafi stefndi m. a. sýnt með því að leggja sérstaka aðveituæð til stefnenda á sinn kostnað og afhenda, svo sem áður er getið, frá 30-90 l/m til býlisins að Grísará, sem aldrei hefur fengist nokkur greiðsla fyrir, þó að eftir hafi verið leitað. Komi til þess, að stefnendum verði dæmt eitthvert magn af heitu vatni úr hendi stefnda, áskilur hann sér rétt til þess að krefja stefnendur um greiðslu fyrir það vatnsmagn, sem á undanförnum árum hefur til þeirra runnið og kann að vera umfram það magn, er þeim yrði dæmt eftirleidis.

Verða nú rakin gögn þau, er fyrir liggja í málinu um jarðhita í landi jarðarinnar Grísarár.

Á dskj. nr. 10 er greinargerð Orkustofnunar, jarðhitadeildar, frá júlí 1981 um laugar og volgrur í Hrafnagilshreppi, höfundar Sigmundur Einarsson, Þorsteinn Thorsteinsson, Axel Björnsson og Kristján Sæmundsson.

— — —

Niðurstöður.

„Ekki hafa komið fram í mælingum tengsl milli rennslis og vatnsstöðu í laugum og borholum í Hrafnagilshreppi og vatnsvinnslu í austanverðum Eyjafirði úr borholum við Syðra-Laugaland og Ytri-Tjarnir. Slík minni háttar tengsl er þó ekki alveg hægt að útiloka, því að mælingar eru ófullkomnar og stopular frá 1975, er borun hófst í Öngulsstaðahreppi, og fram til 1978, er reglubundnar athuganir hófust. Nærtækara er að leita orsaka fyrir minnkandi rennsli til vatnsvinnslu í hreppnum sjálfum. Má þá í fyrsta lagi benda á rennsli úr holu GG-1 við Grísará síðan í september 1977, í

öðru lagi rennsli úr holu RW-7 við Reykhús síðan í júlí 1979 og vatnsvinnslu með djúpdælu, 2,6 l/s, frá janúar 1981. Í þriðja lagi má nefna holu HN-10 við Botn, en rennsli úr henni var 17,3 l/s 27. janúar 1981, en var minnkað í 2,25 l/s í febrúar 1981.“

Á dskj. nr. 16 er úttekt dómkvaddra matsmanna á Hrafnagilslaug, þeirra Axels Björnssonar jarðeðlisfræðings og Sverris Þórhallssonar verkfræðings, dags. í Reykjavík í mars 1984, og segir þar m. a.: „Talið hefur verið, að Hrafnagilslaug væri tengd berggangi, sem liggur norður-suður eftir Hrafnagilshreppi. Gangurinn liggur um hlaðið á Laugaborg, og má rekja hann til suðurs, þangað til hann verður óaðgengilegur mælingum í mýrinni austur af Hrafnagilsbýli og Botnslaug. Gangurinn liggur til norðurs um Grísará og þaðan norður fyrir Reykhús. Líklegt er, að Hrafnagilslaug, Grísarárlaugar og Reykhússlaugar séu á einn eða annan hátt allar tengdar þessum gangi. Líklegt er, að efsti hluti gangsins sé aðfærsluæð heits vatns til lauganna. Allar boranir í ganginn á ofanefndum jarðhitasvæðum hafa þó gefið litla raun og sýnt, að vatnsæðar við hann eru þröngar og rennsli tregt eftir honum. Hugsanlegt er, að umræddur gangur sé ekki vatnsleiðari nema nálægt yfirborði og fái vatn úr annarri öflugri vatnsrás, sem liggir til hliðar við hann. Hitamælingar í borholum við Hrafnagilslaug benda til þess, að meginvatnsrásin á þeim slóðum geti verið austar en umræddur gangur eða á milli þjóðveggar og Hrafnagilsskóla.“

Síðan segir í skýrslunni: „Jarðhitakerfin í Eyjafirði eru mörg og tengsl þeirra innbyrðis flókin. Sum svæði eru nátengd, svo að breytingar í vatnsvinnslu á einu þeirra koma fram í greinilegum breytingum í þrýstingi á öðru svæði innan fárra daga eða vikna. Önnur svæði eru minna tengd, þ. e. gagnkvæm áhrif eru lítil eða koma ekki fram fyrr en eftir margra mánaða eða ára vatnsvinnslu. Einnig eru til jarðhitasvæði, sem engin mælanleg tengsl hafa fundist á milli til þessa. Þar sem tengsl jarðhitasvæða eru margbreytileg, er erfitt að tengja þrýstingslækkun í djúpkkerfinu við Hrafnagil á öyggjandi hátt við vatnsvinnslu á öðrum svæðum. Gögn um vatnsvinnslu (dælt magn og vatnsstaða) voru frekar gloppótt framan af, en nú liggja fyrir allýtarleg gögn, sem gætu gefið svör um tengsl einstakra svæða. Ekki hefur verið unnið nema lauslega úr þessum gögnum. Heildarúrvinnsla þeirra væri margra mánaða eða ársverk. Engu að síður má þó benda á nokkur atriði, sem líklega skýra þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu á Hrafnagili.

Síðla árs 1977 var borað við Grísará. Í fyrstu runnu 4,5 l/s úr holunni, og lokunarþrýstingur var 11 kg/cm². Holan var nýtt, fyrst einungis sjálfrennslið, en frá mars 1980 var notuð sogdæla. Voru teknir fáeinir sekúndulítrar úr henni. Þrýstingur féll jafnt og þétt, og var vatnsborð komið á nokkurra metra dýpi árið 1981. Árið 1979 er boruð djúp hola við Reykhús.

Þá hafði orðið vart minnkunar í eldri grunnum holum og laugum. Í fyrstu runnu 1,8 l/s úr holunni, en það minnkaði fljótlega. Undanfarin ár hefur verið dælt 2,6 l/s úr holunni með vaxandi niðurdrætti. Vætanlega eru jarðhitasvæðin við Hrafnagil, Grísará og Reykhús öll tengd sama ganginum, en við boranir hefur hann reynst vera lélegur vatnsleiðari. Verulegar líkur eru á því, að vatnsvinnsla við Grísará og Reykhús hafi því flýtt fyrir rénun vatns og þrýstingslækkun á Hrafnagili. Algjörlega samsvarandi sveiflur í vatnsborði holu 9 við Hrafnagil og Grísarárholunni síðustu tvö árin sýna nán tengsl þessara svæða.

Djúpborun eftir heitu vatni hófst við Laugaland í árslok 1975, og voru boraðar 7 holur fram í ársbyrjun 1978. Þrýstingur í jarðhitakerfinu var í upphafi mjög hár, 15-20 kg/cm², en féll fljótlega vegna sjálfrennslis og einkum þegar vatnsvinnsla hófst með djúpdælum í ársbyrjun 1978. Veturinn 1978-79 var ein hola boruð til viðbótar að Laugalandi. Við vatnsvinnsluna hefur vatnsborð að Laugalandi fallið niður á um það bil 200 m. Það er þó ekki stöðugt, og undanfarin ár hefur vatnsborðið sveiflast í takt við dælingu og verið hærra á sumrin en á veturna.

Að Ytri-Tjörnum voru boraðar 4 djúpar holur á árunum 1978 til 1980. Sama máli gegnir um það svæði og Laugaland. Vatnsþrýstingur var í upphafi hár, en hefur fallið við vinnslu niður á um það bil 290 m. Vatnsvinnsla að Ytri-Tjörnum hefur verið árstíðabundin eins og að Laugalandi.

Síðustu ár hefur greinileg árstíðabundin sveifla komið fram í vatnsborði í holum við Hrafnagil og eins í holunni við Grísará. Einfaldasta skýring á þessu er sú, að vatnsvinnslan að Laugalandi og/eða Ytri-Tjörnum hafi áhrif á djúpæðar jarðhitakerfanna á þessum stöðum. Það verður því að telja nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs á vinnslusvæðunum austan til í Eyjafirði á árunum 1976-1980 hafi lækkað vatnsþrýsting í aðfærsluæðum jarðhitakerfisins að Hrafnagili og þar með valdið rénun heita vatnsins þar.“

Á dskj. nr. 31 er greinargerð Orkustofnunar, jarðhitadeildar, 1982 um jarðhita við Grísará í Hrafnagilshreppi. Segir þar m. a. svo: „Samkvæmt þessum heimildum hefur því náttúrulegt varmarennslis við Grísará samsvarað um 0,1 l/s af 40°C heitu vatni. Með borun 10 m holu og dælingu mátti auka rennslíð þrefalt.

Orsakir rennslisminnkunar.

Ekki hafa komið fram í mælingum tengsl milli rennslis og vatnsstöðu í laugum og borholum í Hrafnagilshreppi og vatnsvinnslu í austanverðum Eyjafirði úr borholum við Syðra-Laugaland og Ytri-Tjarnir. Slík minni háttar eða langtímatengsl er þó ekki alveg hægt að útiloka, því að mælingar eru ófullkomnar og stopular frá 1975, er borun hófst í Öngulsstaðahreppi,

og fram til 1978, er reglubundnar athuganir hófust. Nærtækara er að leita orsaka minnkandi rennslis að Grísará til vatnsvinnslu í hreppnum sjálfum. Má þá í fyrsta lagi benda á rennsli úr holu GG-1 við Grísará síðan í september 1977, í öðru lagi á rennsli úr holu RW-7 við Reykhús síðan í júlí 1979 og vatnsvinnslu með djúpdælu, 2,6 l/s, frá janúar 1981, í þriðja lagi dælingu úr holu H-6 framan við Laugaborg að Hrafnagili, en úr henni var dælt talsverðu, en óþekktu vatnsmagni til upphitunar þar á árunum 1975 til 1978. Ofan nefndir jarðhitastaðir, Reykhús, Grísará og Hrafnagil, taka væntanlega vatn úr sama vatnsleiðaranum, þ. e. berggangi, sem liggur norður-suður um þessa staði. Vatnsvinnsla á einum staðnum er því háð vatnsminnkun á hinum. Að lokum má benda á borun við Botnslaug, en nýlega hafa komið fram tengsl milli Grísarárholunnar og rennslis úr holum við Botn. Þessi tengsl eru ókönnuð enn.“

Og síðan segir um holu GG-1: „Lauslegt mat var gert á því 1980, hversu miklu vatnsmagni mætti dæla úr GG-1. Niðurstaðan var sú, að dæla mætti um 5 l/s úr holunni með djúpdælu og með vatnsborð á allt að 200 m dýpi. Var þá gert ráð fyrir, að Grísarársvæðið væri ótengt öðrum jarðhitasvæðum, sem ekki er raunin á.“

Einnig liggur fyrir í málinu á dskj. nr. 35 mat á vatnsmagni og tengslum við önnur jarðhitakerfi varðandi jarðhitasvæðið við Grísará í Hrafnagilshreppi eftir dr. Axel Björnsson jarðeðlisfræðing, dags. 22. apríl 1988, og segir þar:

— — —

„Orsakir vatnsminnkunar.

„Jarðhitakerfin í Eyjafirði eru mörg og tengsl þeirra innbyrðis flókin. Sum svæði eru nátengd, svo að breytingar í vatnsvinnslu á einu þeirra koma fram í greinilegum breytingum í þrýstingi á öðru svæði innan fárra daga eða vikna. Önnur svæði eru minna tengd, þ. e. gagnkvæm áhrif eru lítil og koma ekki fram fyrr en eftir margra mánaða eða ára vatnsvinnslu. Einnig eru til jarðhitasvæði, sem engin mælanleg tengsl hafa fundist á milli til þessa.

Djúpborun eftir heitu vatni hófst við Laugaland í árslok 1975, og voru boraðar 7 holur fram í ársbyrjun 1978. Veturinn 1978-1979 var ein hola boruð til viðbótar. Þrýstingur í jarðhitakerfinu var í upphafi mjög hár, 15-20 kg/cm², en féll fljótlega vegna sjálfrennslis og djúpdælingar, er hófst í ársbyrjun 1978. Við vatnsvinnsluna féll vatnsborð niður á allt að 200 m á árunum 1982-1984, en hefur hækkað síðan. Vatnsborðið er ekki stöðugt, heldur sveiflast í takt við vatnsvinnsluna og er hærra á sumrin en veturna (Ólafur G. Flóvenz og Þorsteinn Thorsteinsson, 1984; Sverrir Þórhallsson og Axel Björnsson, 1984 a og 1984 b).

Sama máli gegnir um jarðhitakerfið að Ytri-Tjörnum. Þar voru boraðar 4 djúpar holur. Vatnsþrýstingur hefur fallið mikið og sveiflast nú í takt við vinnslu. Einnig hafa verið boraðar tvær vinnsluholur í landi Botns og Hrafnagils. Þrátt fyrir verulega vatnsdælingu þar hefur þrýstingur fallið lítið.

Síðustu ár hefur greinileg árstíðabundin sveifla komið fram í vatnsborði borholu GG-1 við Grísará og í borholum við Hrafnagil. Þessi sveifla er í takt við vatnsborðsbreytingar í borholum á Laugalandi og að Ytri-Tjörnum. Það verður því að telja nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs í vinnslusvæðunum austan til í Eyjafirði hafi lækkað vatnsþrýsting í aðfærsluæðum jarðhitakerfisins á Grísará og þar með valdið hvarfi lauganna og lækkun vatnsborðs í holu GG-1. Dæling úr holu GG-1 hefur væntanlega flýtt fyrir þrýstifallinu, en þau áhrif eru að öllum líkindum hverfandi miðað við vinnsluna austan til í firðinum á Laugalandi og Ytri-Tjörnum.

Eðlisviðnám í jörðu við Grísará er tiltölulega hátt, sem bendir til frekar lélegrar vatnsgengdar í jarðhitakerfinu miðað við önnur svæði í Eyjafirði. eru því litlar líkur á, að umtalsvert sjálfstætt vatnskerfi sé að finna á Grísará. Hins vegar er ljóst, að kerfið er þrýstingslega tengt vinnslusvæðum í firðinum.

Efnainnihald í jarðhitavatni í Eyjafirði bendir til þess, að vatn á einstökum svæðum geti verið upprunnið á mismunandi stöðum. Það skiptir þó ekki máli fyrir vinnslueiginleika hvers svæðis og tengsl á milli svæða. Þar ræður mestu staðbundin vatnsgengd innan hvers svæðis og lekt á milli þeirra.“

Lögð hefur verið fram á dskj. nr. 45 skýrsla jarðhitadeildar Orkustofnunar, unnin fyrir stefnda, Hitaveitu Akureyrar, út gefin í Reykjavík í nóvember 1988 og ber heitið: Vatnsöflun Hitaveitu Akureyrar, staða og horfur 1988, höfundar Guðni Axelsson, Helga Tulinius, Ólafur G. Flóvenz og Þorsteinn Thorsteinsson. Kemur þar fram, að spá um vinnslugetu einstakra jarðhitasvæða í Eyjafirði til næstu 10 ára, miðað við nýtingu 40°C og óbreyttan niðurdrátt, gefi Botn 29 l/s, einnig, að Hitaveita Akureyrar nýti eftirgreindar vinnsluholur: BN-1 og HN-10 við Botn (HN-10 er reyndar í landi Syðra-Hrafnagils), LJ-5, LJ-7 og LN-12 við Syðra-Laugaland, TN-4 við Ytri-Tjarnir, GY-7 á Glerárdal og RWN-7 við Reykhús. Árin 1986 og 1987 var að meðaltali dælt um 30 l/s af um 85°C heitu vatni á Botnsvæðinu (83°C úr HN-10, en 96°C úr BN-1), um 33 l/s af 94-96°C heitu vatni á Laugalandi og um 20 l/s af 80°C heitu vatni á Ytri-Tjörnum, eru nú 17 l/s af 60°C heitu vatni á Glerárdal og um 2 l/s af 76,5°C á Reykhúsum. Dæling á Reykhúsum er einungis til að bæta upp það vatn, sem hvarf úr heitum lindum þar við dælingu af öðrum svæðum í Eyjafirði.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt dskj. nr. 16, er hér að framan er rakið, segir, að væntanlega séu jarðhitasvæðin við Hrafnagil, Grísará og Reykhús öll tengd sama ganginum, er við borun hafi reynst vera lélegur vatnsleiðari, og eru því verulegar líkur á því, að vatnsvinnsla við Grísará og Reykhús hafi flýtt fyrir rénun vatns og þrýstingslækkun að Hrafnagili. Einnig segir í sama dskj., að telja verði nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs á vinnslusvæðum austan til í Eyjafirði á árunum 1976-1980 hafi lækkað vatnsþrýsting á aðfærsluæðum jarðhitakerfisins að Hrafnagili og þar með valdið rénun heita vatnsins þar. Á dskj. nr. 31 segir einnig, að ofan nefndir jarðhitastaðir, þ. e. a. s. Reykhús, Grísará og Hrafnagil, taki væntanlega vatn úr sama vatnsleiðaranum, þ. e. a. s. berggangi, sem liggur norður-suður um þessa staði. Vatnsvinnsla á einum stað er því háð vatnsmínkun á hinum. Og á dskj. nr. 35 segir, að ógerlegt sé að segja til um, hve mikið hola GG-1 gæfi né hve djúpt vatnsborðið félli, en það mætti finna með dæliprófum á holunni. Engu að síður megi telja líklegt út frá þeim ófullkomnu gögnum, sem til séu, að vinna mætti 2-3 l/s úr holunni með djúpdælu á svipaðan hátt og nú er gert að Reykhúsum. Síðan segir: „Það verður því að telja nokkuð öruggt, að lækkun vatnsborðs í vinnslusvæðum austan til í Eyjafirði hafi lækkað vatnsþrýsting í aðfærsluæðum jarðhitakerfisins á Grísará og þar með valdið hvarfi lauganna og lækkun vatnsborðs holu GG-1. Dæling úr holu GG-1 hefur væntanlega flýtt fyrir þrýstifallinu, en þau áhrif eru að öllum líkindum hverfandi miðað við vinnsluna austan til í firðinum, á Laugalandi og Ytri-Tjörnum.“

Svo sem rakið er á dskj. nr. 35, telur dr. Axel Björnsson jarðeðlisfræðingur, að fengist hafi við dælingu 0,3 l/s af 43°C heitu vatni úr borholu þeirri, er heimamenn boruðu 1970, en við örrari dælingu hafi dælan dregið inn kalt vatn.

Telja verður samkvæmt þessu, að sannað sé, að þetta vatnsmagn hafi verið uppi á jörðinni, er stefndi, Hitaveita Akureyrar, hóf boranir á Grísará, 1977. Kemur það fram í gögnum málsins, að vatn þetta var notað til heimilisþarfa.

Dómurinn telur það sannað, að vatnsvinnsla stefnda, Hitaveitu Akureyrar, hafi valdið því, að vatn það, sem uppi var á jörðinni, hvarf, og beri stefnda þess vegna að skila stefnendum því eða öðru vatnsmagni með hærra hitastigi, en tilsvareandi að orkugildi.

Varðandi frekari kröfur um afhendingu á heitu vatni til heimilisþarfa telur dómurinn, að stefnendur verði að beina kröfum sínum á hendur ríkissjóði, sem hefur veitt þeim afnotaréttinn að hinu heita vatni og ákvarðað hámarksnot þess, en er að öðru leyti eigandi grunnjarðhitaréttinda á jörðinni.

Samkvæmt þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnendum málskostnað, 75.000 kr., og hefur þá tillit verið tekið til þess við ákvörðun hans, að stefndi hefur áður í þessu máli verið dæmdur til greiðslu 125.000 kr. í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, afhendi óskipt stefnendum, Hreiðari Eiríkssyni og Eiríki Hreiðarssyni, 0,3 lítra á sekúndu af 43°C heitu vatni eða annað vatnsmagn með hærra hitastigi, en að tilsvarende orkugildi, svo og greiði stefndi stefnendum 75.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.
